

SAMTÍÐIN

EGILS
DRYKKIR

EFNI

André Maurois: Fimm gæfuboðorð Bls. 3	
Maður og kona (ástarjátningar) ..	— 4
Frá Þjóðleikhúsinu (mynd)	— 5
Gils Guðmundsson: Hvenær lærðu	
Íslendingar að drekka kaffi?	— 6
Rauði maðurinn og Napóleon (saga) —	8
Spænska er þriðja útbreiddasta	
tungumál heimsins	— 10
Sonja: Bjartsýni og svartsýni	— 12
Spurt og svarað	— 14
Lithoprent 15 ára (iðnaðarþáttur) —	16
Ferða- og flugmálaþáttur	— 18
Skopsögur	— 22
Árni M. Jónsson: Bridgeþáttur	— 27
Þeir vitru sögu. — Fróðleikspáttur o. m. fl.	



Vanti yður hurðir
eða veggþiljur, þá
talið strax við
okkur.

G.K. hurðir og veggþiljur
mæla með sér sjálfar.

GAMLA KOMPANÍÐ ¼

Snorrabraut 56. Símar 3107 og 6593.



Garðastræti 2. — Sími 4578.

Nýir
kjólar
fyrirliggjandi

1952

Þeir, sem reyna viðskiptin hjá
okkur, fara aldrei annað. —

**Kemisk fatahreinsun.
Gufupressun. Litun.**

NÝJA EFNALAUGIN

Höfðatún 2 (áður Borgartún 3),
Laugavegi 20 B. Sími 7264.
(Vinsaml. leiðréttið í símaskránni).



Alltaf samkeppnisfærir. Leitið tilboða, ef
um mikið magn er að ræða.

Stærsta þvottahús landsins.

ÞVOTTAMIDSTÖÐIN

Borgartúni 3. — Sími 7260.

Söguljóð MFA


MENNINGAR- og fræðslusamband alþýðu hefur sent frá sér 15 arka bók með 47 „söguljóðum“ eftir 23 ísl. skáld frá 19. og 20. öld, eða nánara til tekið því aldar skeiði, sem fært hefur ísl. bókmenntum bezt ljóðasöfn, svo að af ber. Heiti bókarinnar er hin skáldlegu upphafsorð kvæðis Fornólfs um þá Björn Guðnason í Ögri og Stefán biskup: „Mér eru fornu minnin kær“. Próf. Simon Jóh. Ágústsson valdi kvæðin og reit formála að þeim, en myndir eru eftir listamennina Jón Engilberts, Sigurð Sigurðsson, Ásgerði Ester Búadóttur og Gunnlaug Scheving. Elzta skáldið, sem leggur hér efni til, er Sigurður Breiðfjörð, en hið yngsta Tómas Guðmundsson. Hefst kvæðasafnið á sýnishornum úr Númerímum Breiðfjörðs og fer vel á því, þar sem rímur voru söguljóð Íslendinga um aldaraðir. Hitt gegnir nokkurri furðu, að valin skuli hafa verið í söguljóðasafn kvæði eins og Sjötta ferð Sindbaðs eftir Einar H. Kvaran, Áfangar eftir Jón Helgason og Daginn, sem Júdas gekk út og hengdi sig eftir Tómas Guðmundsson. Ekkert þessara kvæða er söguljóð. Hins vegar vill svo til, að eftir Tómas er til prýðilegt söguljóð, Að Áshildarmýri, sem hiklaust má telja eitt af beztu kvæðum hans. Er þeim mun kynlegra, að það skuli ekki hafa orðið fyrir valinu, þar sem þess er getið í formála, að útgefandi hafi ráðfært sig við höfund þess um val kvæða í bókina.

Hattaverzlun Ísafoldar h.f.

Austurstræti 14, Reykjavík — Sími 5222

**Nýjustu
Parísarmodel
ávallt
fyrirliggjandi.**

Sendum gegn póströfu um allt land.



Athugið vel, að með því að nota

Hamars sjálfvirku olíukynditækin,

sem brenna jarðolíu, þá sparið þér um 35% í eldsneytiskostnaði miðað við að brenna dieselolíu. Vér höfum í þjónustu vorri mann, sem hefur verið í Englandi til þess að kynna sér uppsetningu og meðferð olíukynditækja.

Vélsmiðjan HAMAR h.f.